Nr. 555 27. júní 2012

# REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** | **Verðtollur** | **Magntollur** |
|---|---|---|---|---|---|
| ***Tollskrárnr.:*** | | | **kg** | **%** | **kr./kg** |
| 0701.9001 | Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri | 01.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0701.9009 | Annars (kartöflur) | 01.07.-05.08.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0701.9009 | Annars (kartöflur) | 06.08.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 60 |
| 0703.9001 | Blaðlaukur | 01.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.1000 | Blómkál og hnappað spergilkál | 01.07.-29.07.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.1000 | Blómkál og hnappað spergilkál | 30.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 176 |
| 0704.9001 | Hvítkál | 01.07.-26.08.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.9001 | Hvítkál | 27.08.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 79 |
| 0704.9002 | Rauðkál | 01.07.-09.09.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0704.9002 | Rauðkál | 10.09.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 110 |
| 0704.9003 | Kínakál | 01.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 206 |
| 0704.9004 | Spergilkál (Brassica oleracea v. Ita.) | 01.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0706.1000 | Gulrætur og næpur | 01.07.-26.08.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0706.1000 | Gulrætur og næpur | 27.08.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 136 |
| 0706.9001 | Gulrófur | 01.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0706.9002 | Rauðrófur | 01.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 01.07.-26.08.12 | ótilgr. | 0 | 0 |
| 0709.4000 | Selja, önnur en seljurót | 27.08.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 193 |
| 0709.5100 | Sveppir af ættinni Agaricus | 01.07.-30.09.12 | ótilgr. | 0 | 80 |

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint, skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2012.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2012.*

F. h. r.
**Ólafur Friðriksson.**

*Sigríður Norðmann.*